

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Borgarbyggð.

Húsafell 1 og Bæjargil. Nýtt deiliskipulag.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti nýtt deiliskipulag í landi Húsafells 1 og Bæjargils, á fundi sínum 10. nóvember 2022. Deiliskipulagið tekur til um rúmlega 5 ha verslunar- og þjónustusvæðis þar sem m.a. er gert ráð fyrir safni og ferðaþjónustu. Skilgreindar eru lóðir, aðkoma og bílastæði. Aðkoma er af héraðsvegi, Húsafellskapelluvegi (nr. 5199).

Athafnasvæðið Vallarás. Breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti breytingu á deiliskipulagi við Vallarás í Borgarnesi, á fundi sínum 10. nóvember 2022. Deiliskipulagið tekur til um rúmlega 25 ha athafnasvæðis þar sem gert er ráð fyrir allt að 44 lóðum. Breytingin fellir úr gildi deiliskipulagið Vallarás 5-18 og skilmála deiliskipulags norðan Sólbakka.

Skipulagstillögurnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Borgarbyggð, 28. desember 2022.

Drífa Gústafsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 10. janúar 2023